

vita, hvort þér vilið láta setja nokkra sérstaklega skilmála í samning þann, er gjörður verður við Klentz um húsmiðid.

1866.

21. febrúar.

Enn fremur eruð þér beðnir um að skýra stjórnarráðinu frá, hvaða samningur hafi verið gjörður um að leggja til grjót til hússins, eins og þér hafið vikið á í bréfi yðar 3. nóvembermán. f. á., og skal þess um leið getið, að fè það, sem varið hefir verið eða eptirleidis verður varið til þessa, einnig er fólgið í þeim 7600 rdl., sem getið er um hér að framan.

19. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um umsjón stiptamtannsins með vegabótum í Reykjavík.

21. febrúar.

Um leið og þér, herra stiptamtmaður, í bréfi dags. 20. októbermán. f. á. hafið skýrt frá ásigkomulagi veganna í suðurumdæminu, og sent hingað skýrslur frá öllum sýslumönnum, nema sýslumanninum í Skaptafellssýslu, um vegina í sýslum þeirra, hafið þér sérstaklega tekið fram um Reykjavíkur kaupstað, að bæjarstjórnin þar haldi þeirri skoðun fram, samkvæmt bréfi dómsmálastjórnarinnar 10. júlímán. 1863, að vegabótalögin 15. marzmán. 1861 verði ekki heimfærð uppá Reykjavík. En með því að þér samt sem áður hljótið að álíta það sjálfsagt, að þér sem amtmaður í suðurumdæminu eigið að hafa umsjón með vegunum í bænum, eins og öðrum vegum í umdæminu, og þér ekki til fullnustu getið sæð um vegabæturnar, þó að þér sem amtmaður í suðurumdæminu eigið að samþykkja fjárhagsáætlun bæjarins og yfirskoða reikninga hans á ári hverju, þá hafið þér borið undir stjórnarráðið, hvort það geti ekki fallið á þann skilning yðar á áðurnefndu bréfi þess 10. júlímán. 1863, að í bréfinu hafi einungis átt að taka fram, að ákvarðanirnar í vegabótalögunum um það, hvernig eigi að fá fè það, er þarf til vegabótanna, verði ekki heimfærðar uppá Reykjavík, og að bærinn standi ekki í neinu sambandi við hinn hluta umdæmisins, þegar um gjöld til vegabótasjóðsins er að ræða. Fallist stjórnarráðið ekki á þetta, hafið þér farið þess á leit, að dómsmála-

1866.

21. febrúar.

stjórnin gjöri ráðstafanir um, að bæjarstjórninni sé gjört að skyldu, að skýra á hverju ári frá ástandi veganna, og hverjar vegabætur hafi verið gjörðar árið sem liðið er, og að hafa í fjárhagsáætlunarskrá sinni ítarlegar uppstungur um, hvaða vegabætur hún ætli sér að gjöra næsta ár.

Um þetta efni kunngjörir dómsmálastjórnin yður, yður til leiðbeiningar og til þess, að þér gjörið ráðstafanir þær, sem þörf er á, að stjórnarráðið að vísu ekki getur fallið á að skilja eigi bréf þess 10. júlímán. 1863, eins og þér hafið vikið á, þar sem þar er með berum orðum sagt, að vegabótalögin 15. marzmán. 1861 verði ekki heimfærð uppá Reykjavík, og teknar fram ástæðurnar fyrir því, en aptur á móti ætlum vèr, að samkvæmt almennum grundvallarreglum laganna hafið þér fulla heimild til að bjóða bæjarstjórninni að senda amtinu á ári hverju uppstungu um, hverjar vegabætur hún ætli sér að láta gjöra næsta ár, ásamt áætlun um kostnaðinn, og fá samþykki amtsins til þessa, og eins að senda því á hverju ári skýrslu um ástand veganna, og annaðhvort láta bæjarreikninginn vera svo úr garði gjörðan, að hægt sé að hafa umsjón með, hvernig vegabæturnar hafi verið gjörðar, eða láta nákvæman vegabótareikning fylgja hinum reikningunum.

21. febrúar. 20. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptysfrívaldanna á Íslandi, um staðfesting á frumvarpi til áætlunar um fyrirkomulag og störf barnaskólans í Reykjavík.

Með bréfi dagsettu 24. októbermán. f. á, hafið þér, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, aptur sent hingað frumvarp það til áætlunar um fyrirkomulag og störf barnaskólans í Reykjavík, er stjórn barnaskólans hefir samið samkvæmt 23. grein í reglugjörðinni frá 27. októbermán. 1862, og fylgdi frumvarpinu reikningur, er skólanefndin hafði samið um tekjur og gjöld barnaskólans, og álitsskjal bæjarstjórnarinnar bæði um áætlunina og reikninginn.